



FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

Framkvæmdaleyfi til handa ON fyrir niðurrennsli til tilraunar í holu HE-55,

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar og fylgja umsókn yfirlitsmyndir sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis og úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Umsókninni fylgja upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mál nr. 1803019. Bæjarstjórn Ölfuss samþykki 27. apríl 2018 og skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd 16. apríl 2018 á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir niðurrennsli í tilraunaskyni í holu HE-55. Skipulagsstofnun hefur gefið út umsögn að heimilt sé að setja lögnina ofanjarðar að holu HE-55 án þess að breyta aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Settar eru kvaðir um framkvæmdina og frágang.

Framkvæmdaleyfið tekur til að leggja yfirborðslögn norðan Suðurlandsveggar frá núverandi niðurrennsli slögn í nánd við Hamragilsveg, meðfram gamla vegslóðanum til austurs, yfir lóð Hveradala og upp á brekkubrúnina. Þar er gert ráð fyrir að lögnin fari undur Suðurlandsveg, Hringveg 1, og liggi með vegslóða til suðurs að holu HE-55 innan deiliskipulags fyrir Hverahlíð. Yfirborðslögnin er 300 mm einangruð stálpípa og verður lögð út í einingum af kranabíl og soðin saman á staðnum. Lega lagnarinnar með vegslóða er til að lámarka allt rask á svæðinu. Lögnin er lögð á sandpúða með um 12 m millibili og verður hann fjarlægður þegar komin er niðurstaða í það hvort grafa eigi lögnina niður, sem framtíðarlögn, eða að fjarlægja. Eigi að nota lögnina til framtíðar með að grafa hana niður, verður framkvæmdin tilkynnt og fer í lögboðinn skipulagsferil. Framkvæmdaferillinn er frá júlí 2018 til desember 2018. Tilraunaferillinn við niðurdælinguna mun líklega standa til júní 2019 til að meta virknina. Framkvæmdin við niðurrennslið í tilraunaskyni verður í samræmi við reglur nr. OS-2016-R01-01 um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá vegna losunar á vökva í jörðu um borholur. Á framkvæmdatíma skal gæta að því að röskun verði sem minnst og eftir tilraunina verði gengið frá svæðinu.

Samþykkt eru framlögð gögn.

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi frá 22. júní 2018.
2. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði eins og kemur fram í gögnum með framkvæmdaleyfinu.
3. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
4. Gildistími framkvæmdaleyfis er eitt ár.
5. Orka náttúrunnar er skráð fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
6. Fyrir liggur samþykki lóðarhafa Hveradala um legu lagnarinnar yfir lóðina frá 24. apríl 2018.
7. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar frá 10. apríl 2018 að Sveitarfélagið Ölfus geti veitt leyfi til að leggja lögnina á yfirborði til bráðabirgða þótt ekki sé gert ráð fyrir henni í skipulagi, enda sé hún einungis til rannsókna og að framkvæmdir við hana valdi ekki raski á umhverfi. Einnig að í framkvæmdaleyfið komi skilyrði um frágang, tímamörk og að ON vakti áhrif á skjálftavirki í samræmi við reglur fyrirtækisins um viðbúnað og viðbrögð við jarðskjálftavá. Lagning pípunnar í tilraunaskyni á yfirborði fellur ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Varanlegar framkvæmdir við lagninguna eru háðar breytingum á aðal- og deiliskipulagi og kunna að falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum og þarf aðs enda Skipulagsstofnun fyrirspurn um það ef ráðast á í þær framkvæmdir.
8. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem fylgdu umsókninni.

9. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.


Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn og yfirlitsmynd, er sýnir borteiga og borholur.
2. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 29. júní 2018.

Þorlákshöfn þann 29. júní 2018



Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi



Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.